

## FVB – Félag viðurkenndra bókara

Kynningar- og fræðslufundur FVB haldinn í fundarsal VR í Húsi Verslunarinnar fimmtudaginn 25.mars 2004.

Mættir voru 40 manns.

Fundarstjóri, Þórdís Bjarnadóttir, setti fundinn kl. 17:30. Anna Antonsdóttir formaður kynnti félagið og dreifði upplýsingum um starfsemina og svaraði síðan fyrirspurnum ásamt Rósu og Þórdísi.

Katrín Óladóttir framkvæmdastjóri Hagvangs tók til máls kl. 18:00. Katrín kynnti Hagvang og það kom jafnframt fram hjá henni að endurskoðendur þekkja ekki þetta nám og eru hlynntir því að bókarar fari lengra með lokauppgjör. Hún sagði frá því að erlendis er víða bannað að bóka færslur hjá endurskoðendum. Sömu sögu sagði Katrín að væri að segja hvað varðaði atvinnurekendur. Þeir héldu að þetta væri 2ja – 3ja daga námskeið. Kröfur sem gerðar eru til starfsmanna eru sífellt að aukast og ekki síst kröfur sem gerðar eru til bókara. Einnig kom fram í máli Katrínar að í framtíðinni verður nauðsynlegt að aðgreina þetta tvennt, bókara og endurskoðendur. Katrín hvatti félagsmenn til þess að kynna félagið og námið vel fyrir atvinnurekendum og atvinnumiðlunum. Síðan svaraði Katrín fyrirspurnum.

Hlín Agnarsdóttir hjá Dramasmiðjunni tók við kl. 16:15 með erindi sitt „Öll veröldin er leiksvið. Hlín gaf orðið laust kl. 19:00.

13 nýir meðlimir gengu í félagið á fundinum.

Þórdís sleit fundi kl. 19:15. Fundarmenn gæddu sér síðan á smurðu brauði og gosi eftir fundinn.

Þórdís Bjarnadóttir  
Katrín Ólafsdóttir  
Anna Antonsdóttir